

Nd.

12. Frumvarp

til laga um breyting á tollögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

11. töluliður 1. gr. tollaga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, er úr lög-
um numinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Í seinni tíð hafa komið fram itrekaðar óskir frá almenningi um að afnema sykurtollinn. Sykur er fullkomin nauðsynjavara, og því engin ástæða til að tolla hann fremur en aðrar matvörur. Fátækt fólk notar engu minni sykurl en efnamenn, og þarfnast sykurneytslu jafnvel meiri. Er tollur þessi því mjög tilfinnanlegur fátæklingum. Sykurtollurinn er að visu álitlegur tekjustofn fyrir landssjóð, en annan rjettlátari tekjustofn er hægt að fá landssjóði í stað sykurtollsins, svo sem landsverslun á olíu, kolum, salti o. fl.